

Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2012

Á árinu 2012 hélt Verðlagsnefnd búvöru 7 bókaða fundi, en nefndin ákveður lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heilðsöluverð helstu mjólkurvara eins og nýmjólkur, rjóma, undanrennu, skyr, smjör, osta og mjólkurdufts. Verðlagsnefnd búvöru skipuðu eftirtaldir fulltrúar: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Elín Björg Jónsdóttir frá BSRB, Björn Snæbjörnsson frá ASÍ, Haraldur Benediktsson Bændasamtökum Íslands, Sigurður Loftsson Landssambandi kúabænda, Guðrún Sigurjónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Verðlagsnefnd mælir ársfjórðungslega breytingar gjaldaliða í Verðlagsgrundvelli kúabús skv. upplýsingum Hagstofu Íslands. Þessar mælingar miðast við mars, júní, september og desember ár hvert. Auk þess mælir nefndin kostnaðarbreytingar við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, en heilðsöluverð mjólkurvara samanstendur af tveimur meginþáttum sem Verðlagsnefnd fjallar um.

- a) *Hráefniskostnaður (Lágmarksverð mjólkur til framleiðenda)*
- b) *Vinnslu- og dreifingarkostnaður (rekstur afurðastöðva þ.e. vinnslu, sölu og dreifingu mjólkurvara)*

Breytingar á mældum kostnaðarliðum Verðlagsgrundvallar kúabús og mældar hækkunir kostnaðarliða við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, hverju sinni, eru viðmiðunarstærðir í vinnu Verðlagsnefndar en ákvarðanir um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara er ávallt samkomulagsatriði milli viðsemjenda.

HEILDSÖLUVERÐLAGNING Á ÁRINU 2012

Breyting varð á heilðsöluverði mjólkurvara 1. júlí 2012.

Verðlagning 1. júlí 2012

Í aðdraganda verðlagningar 1. júlí 2012 voru haldnir 6 bókaðir fundir sem að lokum leiddu til verðhækkunar á lágmarksverði til framleiðenda og viðmiðun í vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur.

Sú hækkun samanstóð af 3,61% hækkun lágmarksverðs til framleiðenda – eða 2,80 kr/ltr, og 4,36% hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði eða um 3,71 kr/ltr. Vegin hækkun heilðsöluverðs út á markað var því um 4,0% - eða um 6,51 kr/ltr.

SAMANTEKT VERÐBREYTINGA 2007 – 2012

Árin 2007 – 2012 hafa verið mikil umbrotatímabil í efnahag og rekstri hér á landi. Fyrri hluti tímabilsins einkenndist af sjálfu efnahagshruninu en seinni hlutinn af lengri tíma afleiðingum þess. Verðlag hefur tekið miklum breytingum vegna áhrifa efnahagshrunsins.

Á tímabilinu hefur heimsmarkaðsverð á orku hækkað umtalsvert. Orkuverð hefur haft bæði bein og óbein áhrif til hækkunar á verði kjarnfóðurs og tilbúins áburðar. Þessir þrír samtengdu þættir, þ.e. orka, kjarnfóður og tilbúinn áburður, eru meðal stærstu aðfangaliða í búrekstri hjá mjólkurframleiðendum. Verðhækkunir þessara þátta hafa því bein áhrif á rekstrarforsendur mjólkurframleiðslunnar. Orkuverð er einnig stór áhrifaliður í rekstrarskilyrðum vinnslu og dreifingar hjá afurðastöðvum.

LÁGMARKSVERÐ MJÓLKUR

Í töflu 1. er yfirlit yfir þróun lágmarksverðs til framleiðenda á tímabilinu 2007 – 2012.


Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur 1. janúar 2007 – 31. desember 2012

Dags	Verð kr/ltr		Breyting		Breyting á ári	
	Fyrir	Eftir	Kr	%	Kr	%
1. júlí 2007	47,45	48,64	1,19	2,5%	1,81	3,8%
1. nóvember 2007	48,64	49,26	0,62	1,3%		
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,70	1,4%	21,87	44,4%
1. apríl 2008	49,96	64,00	14,04	28,1%		
1. nóvember 2008	64,00	71,13	7,13	11,1%		
1. febrúar 2011	71,13	74,38	3,25	4,6%	6,50	9,1%
1. júlí 2011	74,38	77,63	3,25	4,4%		
1. júlí 2012	77,63	80,43	2,80	3,6%	2,80	3,6%
Samtals 1. janúar 2007 - 31. desember 2012	47,45	80,43	32,98	69,5%		

Ef litið er til breytinga einstakra þátta í mælingum Verðlagsgrundvallar kúabús, kemur m.a. fram að kjarnfóður hefur hækkað um 167% á tímabilinu, eða um sem nemur 14,9 kr/ltr mjólkur og áburður um 225%, eða um 10,33 kr/ltr á tímabilinu 2007 -2012. Samanlagt hafa þessir liðir því hækkað um 25 kr/lítra. Aðrir liðir verðlagsgrundvallar hafa einnig hækkað umtalsvert þó þeim hækkunum sé ekki gerð frekari skil hér. Skv. yfirlitinu í töflu 1 hefur lágmarksverð mjólkur hækkað um 69,5 % eða um 32,98 kr/ltr frá 1. janúar 2007 – 31. desember 2012. Ekki er hér tekið tillit til breytinga á beingreiðsluþætti mjólkurverðs til framleiðenda.

VINNSLU- OG DREIFINGARKOSTNAÐUR MJÓLKUR

Í mynd 1. kemur fram þróun þeirra þátta sem mynda heildsöluverð mjólkurvara (lágmarksverð mjólkur og vinnslu- og dreifingarkostnaður) í samanburði við þróun almenns verðlags í landinu (vísitala neysluverðs janúar 2007 = 100).



Mynd 1 Þróun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar janúar 2007 – desember 2012

Eins og fram kemur hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkað um 40,4% á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 50,7% á tímabilinu 2007 – 2012. Sá hluti kostnaðarhækkana vinnslu- og dreifingar, sem ekki hefur verið borinn uppi með verðhækkunum frá markaði, hefur verið mætt með hagræðingaraðgerðum.

FRAMLEGÐARSKEKKJA Í VERÐLAGNINGU MJÓLKURVARA

Fyrstu skref í leiðréttingu á framlegðarskekkju mjólkurvara hófst við verðlagningu á árinu 2009. Frá þeim tíma til loka árs 2012 hefur drykkjarmjólk hækkað um 112 milljónir á ársgrunni í formi sérhækkana til viðbótar almennri hækkun hverju sinni.

Aukahækkun á skyri nemur um 45 kr/kg, eða um sem nemur 21 millj. kr. á selt magn á ársgrunni. Smjör um 15,6 millj. kr. og mjólkurduft um 42 millj. kr. á ársgrunni. Yfirlit sérhækkana á tímabilinu, til leiðréttingar á framlegðarskekkju, er að finna í töflu 2.

Tafla 2. Sérhækkarnir á vegum Verðlagsnefndar búvöru til leiðréttingar á framlegðar skekkju mjólkurvara 2007 – 2012

Vöruflokkur	Kr/ltr kg	2009	2010	2011	2012	2007 - 2012
Nýmjólk	6	74.300.000	0	18.720.000	0	93.020.006
Léttmjólk	1,3	17.550.000	0	2.280.000	0	19.830.001
Skyr	45	0	0	9.400.000	11.750.000	21.150.045
Smjör	18	0	0	15.601.250	0	15.601.268
Undanrennu- og nýmjólkurduft	67	29.200.000	0	13.120.000	0	42.320.067
SAMTALS (09 - 12)		121.050.000	0	59.121.250	11.750.000	191.921.387

Á tímabilinu hefur nýmjólk hækkað aukalega um 6 kr/ltr, skyr um 45 kr/kg, smjör um 18 kr/kg og nýmjólkur- og undanrennu- og nýmjólkurduft um 67 kr/kg. Með séraðgerðum hafa þessar vörur hækkað samanlagt um 192 millj. kr. á ársgrunni umfram almenna hækkun Verðlagsnefndar við verðákvarðanir á tímabilinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Pálmi Vilhjálmsson, aðalfulltrúi

Guðrún Sigurjónsdóttir, aðalfulltrúi